

Greinargerð
Fræðsluskrifstofa Seltjarnarness
Grunnskóli Seltjarnarness

27.10.2019

Erna Ingibjörg Pálsdóttir

Í þessari greinagerð er lagt mat á með hvaða hætti unnið var með námsmat með tilliti til hæfni- og matsviðmiða á grundvelli Aðalnámskrár grunnskóla í Grunnskóla Seltjarnarness (GS) skólaárið 2018-2019. Þá er reynt að svara fyrirspurnum foreldra í Grunnskóla Seltjarnarness m.a. um vægi námsþátta, fjölbreytni að baki einkunnagjöf s.s. framkomu, ástundun, seiglu, samvinnu, þá gagnsæi mats, prófsýningu, hæfnieinkunn og tengsl samræmdra prófa við lokaeinkunn í grunnskóla.

Námsáætlanirnar GS eru birtar í Infomentor og eru þannig aðgengilegar foreldrum og nemendum. Þar eru þau hæfniviðmið sem liggja til grundvallar námsmati allra nemenda og þar birtast niðurstöður mats nemendum og foreldrum í gegnum hæfniviðmið á hæfnikorti í Infomentor. Þar eiga foreldrar og nemendur að geta séð yfirlit yfir hvar nemandinn er staddur í hverri námsgrein, hvaða viðmiðum hann hefur náð og hvar hann þarfnast frekari þjálfunar ef það á við.

Kennarar GS gera ekki ráð fyrir meta öll hæfniviðmið þar sem viðmiðin eru margvísleg. Sum eru langtímamarkmið og eru þess eðlis að ekki kemur fram fyrr en seinna í lífinu hvort þeim varð náð eða ekki. Önnur viðmið lúta að félagslegum þáttum og viðhorfum þ.e. þættir eins og samvinna, framkoma, seigla o.fl. Allt þættir sem kennarar í GS leggja áherslu á í námsferlinu en eru ekki hluti af lokaeinkunn nemenda í námsgreinum. Það á samkvæmt námsmatssérfræðingum að aðgreina mat á námsárangri nemenda frá öðrum þáttum eins og samvinnu, framkomu og ástundun. Mat á lykilhæfni nemenda s.s. á ábyrgð nemenda á námi, samvinnu o.fl. má þó birta á hæfnikorti nemenda í hverri námsgrein og í öllum árgöngum eða á sérstökum matslista sem nemendur fá afhent fyrir námsviðtöl og/eða í lok námsáfangna. GS þarf að gera foreldrum ljóst að einungis námsárangur liggur að baki lokaeinkunn nemenda og setja fram betri upplýsingar um það hvernig mat á öðrum þáttum birtist nemendum og foreldrum.

Vanda þarf val á viðmiðum fyrir hæfnikort nemenda þar sem það er grundvöllur þess er að gefa hæfnieinkunn. Einkunnirnar í lok námsáfangna eiga að endurspegla hæfnikort nemenda og vera samantekt á því. Hæfniviðmið sem skilgreind eru fyrir skólaárið og birtast á hæfnikorti eru grunnur að hæfnieinkunn í hverjum námssviði/námsgrein í öllum árgöngum. Önnur hæfniviðmið geta verið hluti af námsferlinu án þess birtast á hæfnikorti t.d. hvort nemandi geti flett upp í orðabók eða geti valið sér lesefni sér til ánægju. Til að ekki vefjist fyrir neinum þurfa kennarar GS að skrá þau hæfniviðmið sem þeir telja vera mælanleg og metanleg og hafa þau viðmið sýnileg á hæfnikorti nemenda í öllum árgöngum en ekki að setja inn viðmið sem eru ekki til mats. Þá skiptir máli að kennarar, foreldrar og nemendur í GS átti sig á að hæfniviðmið 10. bekkjar í hæfnikorti eiga að endurspegla lýsingu (matsviðmið) í A–D matskvarða námssviða þar sem þau eru heildræn lýsing á hæfnieinkunn nemenda við lok grunnskólans. Sbr. Aðalnámskrá á hvert matsviðmið að vera almenn lýsing á hæfni nemenda. Það þýðir að kennarar eigi að meta námsstöðu nemenda við lok 10. bekkjar með hliðsjón af matsviðmiðum námssviðanna. Flestir kennarar GS telja sig hafa haft þau til hliðsjónar við lokamat en það er nokkuð ljóst að í einhverjum tilvikum hefur námsþáttur haft lítið eða ekkert vægi í lokaeinkunn nemenda. Það er því mikilvægt að kennarar GS skoði vel hvernig og hvort lokaeinkunn þeirra endurspeglar þau viðmið sem eiga að vera til hliðsjónar við lokamat og leggi áherslu á að meta alla námsþætti þar sem matsviðmiðin eiga endurspegla alla þætti hvers námssviðs.

Eins og í öðrum skólum er hæfnimiðað námsmat í GS enn í þróun og felur í sér mikla hugarfars breytingu um nám og kennslu almennt. Slíkar breytingar taka tíma og er skólinn kominn nokkuð vel á veg. Kennarar skólans vilja endurskoða sínar matsaðferðir en sumir hafa lagt megináherslu á skrifleg próf og verkefni í lokamati sem að mati þeirra henta vel til að meta hæfni nemenda út frá völdum hæfniviðmiðum. Kennarar og stjórnendur í GS vilja sjá aukna áherslu á fjölbreytt mat jafnframt því að nota skrifleg próf og verkefni til að meta hæfni, leikni og þekkingu nemenda.

Sumir kennarar GS leggja áherslu á að meta mörg skrifleg verkefni og stutt próf þar sem frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt allt skólaárið og leggja ekki áherslu á stór lokapróf. Að þeirra mati er erfitt að meta hæfni nemenda með einu stóru lokaprófi. Á hinn bóginn má benda kennurum í GS á að það gefur ekki endilega rétta mynd af námsstöðu nemenda í lok námsáfanga ef þeir gefa nemendum einkunn fyrir hvert verkefni eða próf sem þeir hafa gert á skólaárinu og reikna meðaltal þess. Mat í námsferlinu á miklu fremur að upplýsa nemandann um það hvort hann hafi náð markmiði, leiðbeina honum um það sem hann þarf að gera til þess að ná markmiðum sínum áður en kemur að lokamati. Að mati foreldra fengu þeir ekki nægjanlegar upplýsingar um námsframfarir nemenda í námsferlinu m.a. benda sumir foreldrar á að skráning á hæfnikort nemenda hafi komið nokkuð seint á skólaárinu. Skráning á hæfnikort nemenda þarf að fara reglulega fram í námsferlinu til að nemendur og foreldrar geti fylgst með framvindu námsins áður en kemur að lokamati. Til að gera það markvisst getur GS sett nokkrar vörður yfir skólaárið, um það hvenær kennarar eiga að skrá það mat sem framkvæmt hefur verið á tilteknum tímabili.

Sumir foreldrar eru ekki að fylgjast með hæfnikorti barna sinna að mati kennara því er mikilvægt að stjórnendur og kennarar í GS kynni betur fyrir nemendum og foreldrum hvernig niðurstöður mats birtast, upplýsi þá þegar að nýtt mat er birt á hæfnikorti og hvetji þá til að fylgjast reglulega með hæfnikorti nemenda. Mat á hæfni nemenda á að fara fram reglulega á skólaárinu og við lok skólaársins eru tekin saman þau viðmið sem voru til mats og lögð var áhersla á.

Kennarar GS eiga að fara yfir hæfnikortið í lok skólaársins og gefa nemendum einkunn út frá því hvernig þeim hefur gengið að sýna þá hæfni sem til er ætlast. Flestir telja sig gera það eftir bestu getu og að þeirra mati endurspegla einkunnir nemenda í GS hæfnikortið. Það gefur augaleið að hæfnimiðað nám og námsmat er ólíkt því sem flestir kennarar og foreldrar ólust upp við í sinni skólagöngu. Kennarar í GS taka alvarlega athugasemdir foreldra og ætla að leggja mat á vinnu skólans í námsmati enda vilja þeir leggja metnað í vinnuna sína og ekki upplifa óöryggi.

Mikilvægt er að kennarar, foreldrar og nemendur í GS geri sér grein fyrir að hæfnieinkunn er ekki meðaltal einkunna sem safnast saman yfir veturinn, heldur á hún að endurspegla þá hæfni sem nemendur sýna í lok námsáfanga. Lokaeinkunn nemenda á miðast við nýleg gögn um námsstöðuna í lok námsáfanga en er ekki meðaltal úr öllu því sem þeir hafa unnið á skólaárinu. Hvað kann og getur nemandinn en ekki hvernig honum gekk að meðaltali. Sumir kennarar í GS gefa upp helstu matsatriði fyrir ýmis próf og verkefni nemenda en þar sem foreldrar telja sig og nemendur ekki hafa góða yfirsýn yfir námsframfarir þeirra er mikilvægt til að þeir fái betri yfirsýn yfir stöðu hvers nemanda að tengja matsverkefni nemenda við hæfniviðmið, þ.e. að viðmið séu sýnileg í viðfangsefnum þeirra og komi fram í kennsluáætlun/námslotum í Infomentor.

Einstaka kennari í GS hefur skráð matsniðurstöður sem stig á vinnuskjal (exel) til styðjast við er hann skráir matsniðurstöður. Þeir hafa notað bæði tölur (stig) og hæfnikort til að gefa hæfnieinkunn en það er ekki í samræmi við hæfnimiðað mat. Þeir segjast nota vinnuskjalið til skoða hvort munur komi fram í mati þeirra á hæfnikorti og skráningu í prósentum. Sennilega er óöryggi og hefðin meginástæða þess og ætla má að kennarar í GS séu komnir mislangt á veg við beita breyttum vinnubrögðum til að koma til móts við nýjan matskvarða. Stjórnendur og kennarar telja að breytingar á námsmati séu viðkvæmar því þær hafa áhrif á nemendur og það er ekki nemandi í hag að fá inn á tiltekna braut í framhaldsskóla sem hann hefur ekki grunn í og óréttlátt ef hann kemst ekki inn í tiltekinn framhaldsskóla vegna misræmis í einkunnagjöf. Mestu skiptir að kennara í GS meti það sem til var ætlast, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á góðum gögnum og noti fleiri en eina aðferð við söfnun matsgagna.

Þegar gefa á einkunn á A–D matskvarða við lok námsáfangna er mikilvægt að hafa í huga að sumir námsþættir geta fengið minna vægi en aðrir í námsferlinu, ekki er sami fjöldi viðmiða í hverjum námsþætti, sum viðmið eru metin oftár en önnur og geta því haft mismikið vægi í lokaeinkunn. Nemandi sem fær A eða framúrskarandi hæfni í einstaka viðmiði fær ekki endilega A eða B+ í lokaeinkunn þar sem lítil áhersla getur hafa verið lögð á þau viðmið eða þau sjaldan metin og hafa því ekki afgerandi áhrif á lokaeinkunn. Til að fá A í lokaeinkunn þurfa nemendur að hafa sýnt framúrskarandi hæfni í öllum hæfniviðmiðum og til að fá B+ þurfa þeir að hafa sýnt framúrskarandi hæfni í meginþorra viðmiða. Foreldrar þurfa að átta sig á að B einkunn er viðmið um að hæfni sé náð þ.e. nemandi sem fær B hefur náð öllum þeim hæfniviðmiðum sem til var ætlast og allt umfram það er á færri fárra nemenda. Hæfni- og matsviðmið námssviða í 10. bekk eru almennt notuð að mati flestra kennara í GS sem grunnur að hæfnieinkunn nemenda. GS þarf að leggja áherslu á að upplýsa nemendur og foreldra hvernig A–D matskvarði er frábrugðin hefðbundinni einkunnagjöf og um námsmatsferlið m.a. mat á hæfniviðmiðum, skráningum á hæfnikort, miðlun upplýsinga og hvernig og hvað liggur að baki lokamati. Að baki lokaeinkunn nemenda á að liggja hlutlægt og faglegt mat kennara á viðmiðum í hæfnikorti. Mestu skiptir að kennarar, foreldrar og nemendur átti sig á að hæfni nemenda er ekki bara að þeir hafi tileinkað sér þekkingu heldur að þeir geti beitt skilningi sínum og færni í athöfnum. Þá að hæfnina má öðlast víða og á ólíkan máta.

Mikilvægt er að kennarar í GS geti rökstutt sitt mat, hafi gögn sem sýna niðurstöður matsins og virði rétt foreldra og nemenda til að skoða matsgögn. Það er hægt að gera m.a. í námsviðtölum, með gögnum í námsmöppu sem sendar eru heim eða afhenda nemendum matsgögn með umsögn eða einkunn. Það getur verið nauðsynlegt fyrir kennara GS að skilgreina betur námsmatið, þ.e. hvaða gögnum þeir telja sig þurfa að safna til að geta sannreynt hvort að nemendur hafi náð hæfniviðmiðum og að hvaða gæðum. Jafnframt að gaumgæfa hvort námsaðstæður og viðfangsefni gefi nemendum færri á að ná hæfniviðmiðum og skili matshæfum afurðum.

Í samræmdum prófum fá nemendur raðeinkunn og einkunn á fjögurra stiga matskvarða en sex stiga matskvarði er notaður við lokamat nemenda úr grunnskóla. Sbr. Menntamálastofnun fær hátt hlutfall ákveðna einkunn í samræmdum könnunarprófum sem endurspeglar grunnfærni nemenda. Um 50% nemenda hafa fengið B á samræmdum könnunarprófum í 9. bekk. Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir á ákveðnum tíma og byggja á færri námsþáttum en lokamat úr grunnskóla.

Þegar skólar taka ákvörðun um hvaða og hvernig upplýsingar eiga að birtast á vitnisburði nemenda er mikilvægt að kennarar ræði þá nálgun sem þeir eða skólinn vill hafa við lokamat árganga eða aldurstiga. GS hefur á síðustu árum lagt vinnu í innleiðingu á námsmati og stjórnendum finnst samt mikilvægt að skoða betur þá nálgun sem skólinn vill hafa við lokamat og hafa gert áætlun fyrir áframhaldandi vinnu á komandi skólaári. Eitt af því sem skólinn leggur áherslu á er að íhuga hvernig upplýsingamiðlun til foreldra og nemenda um námsmatsferlið verður háttáð, hvernig niðurstöður verða birtar, hvernig mat verður uppbyggt og hvernig upplýsingum verður komið á framfæri m.a. á haustfundum með foreldrum, í námsviðtölum, í skólanámskrá, gegnum rafræn samskiptaforrit (Infomentor) og á vefsíðu skólans. Við lokamat skiptir mestu að kennarar meti það sem til var ætlast samkvæmt viðmiðum, fullvissi sig um að matsniðurstöður séu byggðar á traustum gögnum og noti fjölbreyttar aðferðir við söfnun gagna til þess að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólanum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

Áhersla verði á að:

- Setja skýr viðmið
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum.
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið.
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður.
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna

Stjórnendur og kennarar GS þurfa að íhuga hvort að stöðugleika gæti, þ.e. að viðmið séu eins eða svipuð hjá kennurum sem kenna sömu námsgrein, sama árgangi eða aldurstigi. Til að svo megi verða þurfa kennarar að setja skýr viðmið (markmið) um hvaða kunnáttu og færni nemendur eigi að hafa náð við lok hvers árgangs og/eða aldurstigs og hvernig þeir ætla sér að meta hvort þessum viðmiðum hafi verið náð. Áhrifaríkt getur verið að skilgreina með nemendum hvað sé góður árangur og bjóða þeim að leiðrétta mistök sín og gefa þeim annað tækifæri áður en kemur að lokaeinkunn, þ.e.a.s. að hafa gott jafnvægi milli leiðsagnarmats í námi og lokamats og leggja áherslu á báðar leiðirnar.